

Efnahagsaðgerðir vegna Covid-19 gagnvart launafólki og áherslur BSRB

Trúnaðarmannaráðsfundur Sameykis 21. apríl 2020
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB




Yfirlit

- Áhrif heimsfaraldursins á
 - Landsframleiðsluna
 - Atvinnustig
 - Verðlag og gengi
- Aðgerðir stjórnvalda fyrir
 - Launafólk og heimili
 - Fyrirtæki
- Áherslur BSRB

Stađan




Mikill efnahagssamdráttur verður á árinu 2020 en hagvöxtur að nýju strax á næsta ári




Atvinnuleysi hefur aukist gríðarlega á mjög skömmum tíma – hlutabætur hafa þó skipt miklu máli

- Um 33.000 manns hafa skráð sig í minnkað starfshlutfall hjá um 6.300 fyrirtækjum.
- Staðan verst á Suðurnesjum
 - einnig á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi og raunar stefnir í mikið atvinnuleysi í öllum landshlutum í apríl
- Greiddir voru ríflega 2 milljarðar í bætur í febrúar og má búast við að útgjöldin í mars verði um 5,5 milljarðar og um 12 milljarðar í apríl.



Gengisvísitala íslensku krónunnar er að hækka sem þýðir að krónan er að veikjast



Þrátt fyrir allt er spáð nokkuð stöðugu verðlagi

Verðbólga í apríl 2020 – 2,1%

Spá

- 2020 – 2,3%
- 2021 – 2,5%

Aðgerðir stjórnvalda



Laun í sóttkví

- Launafólk hjá ríki og sveitarfélögum fær laun í sóttkví en setja þurfti sérstök lög fyrir starfsfólk á almennum markaði og sjálfstætt starfandi. Nær einnig til þeirra starfsmanna sem eiga börn sem þurfa að fara í sóttkví.
 - Atvinnurekandi á rétt á endurgreiðslu vegna slíkra launagreiðslna frá Vinnumálastofnun, en hámarksfjárhæð fyrir hvern mánuð er **633.000 kr.**, eða **21.100 kr.** á dag.
- Lögin gilda frá 1. febrúar 2020 til 30. apríl 2020, en stjórnvöld hafa sagt að ef þörf krefur verði þau framlengd.

Atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli

- Lögin tryggja rétt til atvinnuleysisbóta fyrir fólk sem starfar hér eftir í 25-80 prósent starfi, að því gefnu að starfshlutfall dragist saman um minnst 20 prósent.
 - Laun og atvinnuleysisbætur geta samanlagt aldrei numið hærri fjárhæð en 90% af meðaltali heildarlauna launamanns og aldrei meira en **700.000 kr.**
 - Mánaðarlaun upp að **400.000 kr.** skerðast ekki.
- Lögin gilda frá 15. mars til 1. júní 2020, en stjórnvöld hafa sagt að ef þörf krefur verði þau framlengd.

Barnabótaauki

- Þann 1. júní 2020 verður sérstakur barnabótaauki greiddur vegna allra barna yngri en 18 ára. Barnabætur miðast við tekjuárið 2019 og í lok maí getur fólk séð hversu hár barnabótaaukinn verður.
 - Foreldrar sem eiga rétt á tekjutengdum barnabótum fá **42.000 kr.** með hverju barni undir 18 ára aldri.
 - Foreldrar sem ekki eiga rétt á tekjutengdum barnabótum vegna skerðingar fá **30.000 kr.** með hverju barni.

Eingreiðsla til örorkulífeyrisþega

- Þann 1. júní 2020 fá örorkulífeyrisþegar **20.000 kr.** eingreiðslu. Hún greiðist til allra örorkulífeyrisþega sem áttu rétt á desemberuppbót almannatrygginga fyrir árið 2019. Eingreiðslan skerðir ekki aðrar bætur.

Úttekt séreignasparnaðar

- Allir sem eiga séreignasparnað geta sótt um úttekt á allt að 12 milljónum króna frá 1. apríl til 31. desember 2020. Úttektin dreifist á 15 mánaða tímabil en hlutfallslega styttra tímabil ef úttektin er lægri en 12 milljónir króna.

Dæmi:

- Úttekt er 12 milljónir – þá greiðast út 800.000 krónur á mánuði í 15 mánuði.
- Úttekt er 4 milljónir – þá greiðast út 800.000 krónur á mánuði í 5 mánuði.
- Úttekt er 800.000 – þá greiðast út 800.000 krónur í eitt skipti.

100% endurgreiðsla á virðisaukaskatti

Á tímabilinu 1. mars 2020 til 31. desember 2020 geta eigendur og leigjendur íbúðarhúsnæðis (utan rekstrar) fengið 100 prósent endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna:

- Aðkeyptrar vinnu við nýbyggingar, viðhalds og hönnunar íbúðarhúsnæðis og frístundahúsa. Þessi heimild nær einnig til orlofshúsa og orlofsíbúða stéttarféлага og mannvirkja í eigu ýmissa frjálsra félagasamtaka.
- Vinnu við heimilispríf og reglulega umhirðu íbúðarhúsnæðis.
- Bílaviðgerða, bílamálningar eða bílaréttinga fólksbifreiða í eigu umsækjanda en vinnuliðurinn verður að vera að lágmarki 25.000 krónur.

Lækkun á vöxtum námslána

- Vextir á námslánunum lækka úr 1% í 0,4% og endurgreiðsluhlutfallið lækkar sem því nemur.
- Ábyrgðir frá því fyrir árið 2009 sem eru í skilum felldar niður.
- Afsláttur vegna uppgreiðslu námslána hækkaður í 15%.

Ýmsir aðrir aðilar eru með fjölbreyttar aðgerðir

- Flest **sveitarfélög** ætla að sleppa því að innheimta gjöld vegna þeirrar þjónustu sem skerðist vegna heimsfaraldursins svo sem vegna leikskóla, skólamáltíða og frístundaheimila.
- Sum **leigufélög** hafa ákveðið að gefa leigjendum kost á að fresta hluta af leigugreiðslum í nokkra mánuði. Skilyrði og reglur eru mismunandi.
- Flestir **bankar og lífeyrissjóðir** hafa brugðist við tilmælum um að veita greiðslufresti vegna fasteignalána. Ólík skilyrði gilda milli stofnana sem og um tímalengd greiðslufrests og kostnað við skilmálabreytingar.

Fjöl margar og umfangsmiklar aðgerðir fyrir fyrirtæki

- Markmiðið er að reyna að draga úr atvinnuleysi og tryggja að fyrirtækin séu í stakk búin til að hefja eðlilega starfsemi þegar ástandinu linnir.
- Meðal aðgerða má nefna
 - Ríkisábyrgð sem getur numið 50 til 70 prósentum á brúarlánnum lánastofnana til fyrirtækja
 - Frestun á gjalddögum staðgreiðslu og tryggingagjalds
 - Afnámi gistináttagjalds til 31. desember 2021
 - Frestun á gjalddögum virðisaukaskatts, frestun á greiðslu fasteignagjalda

Tímabundið fjárfestingaráttak

- Alþingi hefur samþykkt sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak fram til 1. apríl 2021. Fjárfestingaráttak til lengri tíma verður kynnst fyrir þann tíma. Stefnt er að fjölbreyttum fjárfestingum fyrir um 18 milljarða króna á 12 mánaða tímabili.
- Fjárfest verður í m.a. í:
 - Vegaframkvæmdum og viðgerðum á flugvöllum
 - Nýbyggingum og viðhaldi heilbrigðisstofnana og skóla
 - Orkuskiptum og umhverfisverkefnum
 - Framkvæmdum við ferðamannastaði
 - Ljósleiðaravæðingu og upplýsingatækniverkefnum
 - Auknum framlögum í sjóði tengdum rannsóknum, nýsköpun og skapandi greinum

Markaðsátak í ferðapjónustu

- Ríkið mun styrkja ferðapjónustuna með 3 milljarða króna framlagi í markaðsátak til að efla íslenska ferðapjónustu á árunum 2020 til 2021. Átakinu verður beint að erlendum sem innlendum ferðamönnum.
- Ferðapjónustan leggur til nær 12 prósent af landsframleiðslunni og markaðsátakið er styrkt í því ljósi. Fáar þjóðir eru efnahagslega jafnháðar ferðapjónustu eins og Íslendingar.

Heilbrigðiskerfið

- Alþingi samþykkti í lok mars 2020 sérstök fjárukalög. Um einum milljarði króna er varið til að fjármagna skimun og hlífðarbúnað og til að mæta auknu álagi á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og heilsugæslustöðvum.

Seðlabankinn hefur lækkað vexti og aukið lausafé banka

- Seðlabankinn hefur lækkað stýrivexti um eitt prósentustig frá því í byrjun mars 2020 og fóru þá vextirnir niður í 1,75 prósent.
- Reglum hefur verið breytt til að auka lausafé banka til útlána.

Áherslur BSRB



Heilbrigði og kjör launafólks í framlínu

- Tryggja verður öryggi og heilbrigði framlínufólks með því að útvega viðeigandi öryggis- og hlífðarfatnað.
- Launafólk í störfum í framlínu fái greiðslur í samræmi við aukið álag í starfi.
- Gripið verði til fyrirbyggjandi aðgerða vegna langtímaáhrifa núverandi álags með því að tryggja fólki hvíld og endurheimt ásamt ráðgjöf og stuðningi frá sérfræðingum vegna hættu á sjúklegri streitu og kulnun.

Afkoma fólks verði tryggð

- Fyrir foreldra sem geta ekki sótt vinnu vegna skerts skólastarfs eða þjónustu við börn sín og geta ekki sinnt starfi sínu í fjarvinnu.
 - Úrræðið taki mið af fyrirkomulagi varðandi laun í sóttkví.
- Einstaklinga sem eru frá vinnu vegna aukinnar áhættu vegna undirliggjandi sjúkdóma, eða eiga börn með undirliggjandi sjúkdóma og eru heima samkvæmt tilmælum læknis.
 - Úrræðið taki mið af fyrirkomulagi varðandi laun í sóttkví.
- Launafólk sem á hvorki rétt til launa né réttindi í samtryggingarsjóðum
 - með tímabundnum undanþágum á atvinnuleysistryggingalöggjöfinni.
- Allir opinberir aðilar sem veita lán eða innheimta hvers kyns greiðslur komi til móts við einstaklinga.
 - T.d. með rýmri greiðslufrestum.

Greiðslur almanna- og atvinnuleysistryggingar hækki

- Atvinnuleysisbætur verði hækkaðar og þær fylgi launahækkunum kjarasamninga.
- Elli- og örorkulífeyrir verði hækkaður.
- Gerð verði greining á stöðu viðkvæmra hópa í samvinnu við Velferðarvaktina og tryggt að grunnþörfum þeirra verði mætt.
- Stuðningur til tekjulægri fjölskyldna vegna íþróttá- og tómstundastarfs barna.

Fjárfestingar til framtíðar

Stjórnvöld leggi áherslu á jafna möguleika og jöfn tækifæri kvenna og karla í uppbyggingu vinnumarkaðsaðgerða og sköpun starfa.

- Fjárfest verði til framtíðar með auknum framlögum til heilbrigðis- og félagsþjónustu og til menntakerfisins.
- Fjárfest verði í menntun í greinum innan heilbrigðis-, mennta- og félagskerfisins.
- Endurmenntun starfsfólks samhliða innleiðingu Stafræns Íslands verði tryggð.
- Sjóði til nýsköpunar, rannsókna, skapandi greina, grænna lausna og sumarvinnu námsmanna.

Framkvæmdir stuðli að aukinni velferð

Aukið fé verði sett í

- Uppbyggingu almennra íbúða.
- Uppbyggingu á Borgarlínu.
- Viðhald, endurbætur og byggingu húsnæðis heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila.
- Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.

Eftirlit og skilyrði fyrir stuðningi til fyrirtækja

- Eftirlit með hlutabótaúrræði og greiðslum í sóttkví verði eflt og styrkt.
- Fyrirtæki sem nýta sér stuðning stjórnvalda geti ekki greitt út arð eða bónusa.

Varðstaða um opinbera þjónustu

Niðurskurði í opinberri þjónustu hafnað

- Tímabundinn samdráttur á tekjum hins opinbera dragi ekki úr getu til að fjármagna þjónustu fyrir borgarana

Tekjustofnar ríkis og sveitarfélaga varðir og eflidir

- Tryggja þarf að hallarekstri ríkissjóðs og sveitarfélaga verði ekki mætt með niðurskurði í opinberri þjónustu s.s. með lækkun launa, lækkuðu starfshlutfalli eða uppsögnum starfsfólks.
- Halla verði mætt með tekjustofnum hins opinbera til lengri tíma.